


Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080700099/gsj

Bygging alifuglabús á Sandi í Ölfusi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, er barst með tölvupósti þann 25. júlí sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd í ljósi svara Línuhönnunar f.h. framkvæmdaraðila.

Í svarinu er gerð grein fyrir ýmsum rekstrarlegum atriðum, m.a. framkvæmdaatriðum varðandi meðferð þess búfjárskarns sem fellur til við starfsemina. Stofnunin hefur engar athugasemdir hvað þau atriði varðar.

Í fyrri umsögn sinni frá 21. júlí sl. taldi Umhverfisstofnun það vanta að gerð væri grein fyrir hvað verður um það áburðarmagn sem er umfram það sem gróður á svæðinu tekur upp og að lagt sé mat á áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn.

Í svari Línuhönnunar segir m.a.: „Framkvæmdaaðili leggur áherslu á að ekki er ætlunin að nota meiri áburð á landið en það sem gróður nær að taka upp hverju sinni og verður það gert samkvæmt leiðbeiningum sérfræðinga. Alifuglaskítur er mjög hentugur til notkunar á gróðurlítið land því mjög lágt hlutfall áburðarefna er laust bundið og hætta á útskolun og mengun á grunnvatni því ekki fyrir hendi að mati framkvæmdaaðila.“

Með svari Línuhönnunar fylgja hins vegar engin gögn sem styðja framangreinda fullyrðingu framkvæmdaraðila, hvorki varðandi hugsanlega útskolun né um það hversu viðkvæmt grunnvatnið er. Umhverfisstofnun telur sig því ekki hafa forsendur til þess að taka afstöðu til umfjöllunar um fyrrgreind atriði í svari Línuhönnunar.

Virðingarfyllt

Hjalti J. Guðmundsson

Gunnar S. Jónsson